

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 28. apríl 2023
Málsnúmer: 202304-0008
SS

Efni: Umsögn um rammahluta Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, dags. 7. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir rammahluta Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 og Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er varðar breytingu á núgildandi aðalskipulögum. Breytingin snýr að því þróun íbúabygðar á Vaðlaheiði sem er á samliggjandi svæði sveitarfélaganna tveggja og er unnið að sameiginlegri breytingu.

Um er að ræða svæði sem nú þegar hefur að miklu leyti verið tekið undir landnotkun af ýmsum toga og í vaxandi mæli íbúabygð. Náttúrufar svæðisins ber þess merki og því verndargildi svæðisins í heild takmarkað þótt vissulega sé t.d. fjölbreytt gróðurfar og dýralíf af ýmsum toga að finna enda svæðið gróskumikið og veðurfar hagstætt. Jákvætt er að í rammaskipulaginu verði lagt mat á hvort á svæðinu finnist staðir með náttúrufari sem beri að vernda t.d. votlendi, búsvæði fugla o.fl. Heppilegast væri að gera sérstaka úttekt á því með athugunum á vettvangi. Náttúrufræðistofnun vill sérstaklega nefna að æskilegt væri að skoða hvort fundarstaðir sjaldgæfra plantna séu innan svæðisins, sér í lagi maríulykils, sem er friðuð tegund og finnst einungis í Eyjafirði. Skoða mætti hvort tækifæri séu fyrir endurheimt votlendis þar sem framræst votlendi er ekki lengur nýtt til landbúnaðar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki fleiri ábendingar við skipulagslýsinguna en áskilur sér rétt á athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

